

# ÁRSSKÝRSLA 2021



**FABLAB**  
SMÍÐJA VESTURLANDS



**FAB LAB, FRÁBÆR VETTVANGUR TIL NÝSKÖPUNAR**

## Um FabLab Vesturlands Akranesi

### Stefna og markmið

Markmiðið með starfsemi Fab Lab smiðjanna er að auka þekkingu skólafólks og almennings á persónumiðaðri framleiðslu og stafrænum framleiðsluaðferðum. Verkefninu er ætlað að auka áhuga á verk- og tækninámi í grunn- og framhaldskólum, auka tæknilæsi og tæknivitund og efla hæfi til nýsköpunar í námi og atvinnulífi. En í dag fer allt of lágt hlutfall nema í framhaldsnám í verk - og tæknigreinum.

Markmið verkefnisins er enn fremur að skapa vettvang fyrir nýsköpun og að efla samkeppnishæfni fyrirtækja, menntastofnana og nemenda á Vesturlandi.

- **Stuðla að nýsköpun með því að veita einstaklingum, skólum og fyrirtækjum á Vesturlandi aðgang að stafrænum framleiðslutækjum.**
- **Stuðla að nýsköpun í kennslu og kennsluháttum nemenda á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem og í fullorðinsfræðslu.**
- **Stuðla að auknu tæknilæsi nemenda, einstaklinga með iðn- og tæknimenntun sem og almennings.**
- **Stuðla að hverskonar framþróun í framleiðslu og smíði á varningi sem tengist heimilum, fyrirtækjum og öðrum þeim sem hag geta haft af stafrænni framleiðslu og þekkingu.**
- **Að skapa aðstöðu fyrir Félag eldri borgara þar sem eldra fólk getur sinnt áhugamálum og smærri verkefnum.**



Samstarfsaðilar saman komnir við opnun Fab lab smiðju



Fyrsti fundur stjórnar Fab lab smiðju

## Árið

Í október var sett á laggirnar FabLab smiðja í nýsköpunarsetrinu á Breið.

Það var afar hátíðleg stund í nýjum húsakynnum smiðjunnar hjá Breið þróunarfélagi við Bárugötu á Akranesi. Samstarfsaðilar nýrrar smiðju og þeir sem skrifuðu undir samninginn eru Akraneskaupstaður, ArtTré, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Breið þróunarfélag, Brim, ELKEM Ísland, Félag eldri borgara á Akranesi, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Fjöliðjan, Grunnskólar á Akranesi, Icewind, Landssamtök Karla í skúrum, Leikskólar á Akranesi, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Muninn Film, Norðurál, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Skaginn 3X, Starfsendurhæfing Vesturlands og Símenntunarmiðstöð Vesturlands.



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun styðja verkefnið næstu þrjú árin með fjögurra milljóna króna framlagi árlega.

**„Stafrænu smiðjurnar eru vettvangur þar sem hugmyndir verða að veruleika og ný verðmæti verða til. Hugmyndaauðgi fólks er stærsta auðlindin og eru engin takmörk sett. Í Fab Lab búum við til vettvanga fyrir nýsköpun og þjálfun fyrir störf framtíðarinnar. Ég er sérstaklega glöð með að svona smiðja verði á Akranesi sem er í takti við áherslur mínar um að efla nýsköpun um land allt“**

sagði Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra þegar hún ávarpaði gesti. Þá mun einnig Mennta- og menningarmálaráðuneytið, nú Mennta- og barnamálaráðuneytið til að byrja með að styðja verkefnið um fjögurra milljóna króna árið 2022.

## Menntamál

Fjölbrautarskóli Vesturlands á Akranesi, sem er mikilvægur og virkur þátttakandi í verkefninu, mun tengja smiðjuna við námsbrautir skólans, þá sérstaklega nýja braut skólans, lista- og nýsköpunarbraut. (Nýsk) Þá hafa skólar, bæði leik- og grunnskólar á Akranesi staðfest þátttöku sína í verkefninu og er það hluti af því auka þekkingu og áhuga á verk- og tækninámi.




## Árangursmælikvarði

Á fyrsta starfsári setti heimsfaraldur Covid svip á starfsemina og varpaði ljósi á samfélagslegt mikilvægi smiðjunnar sem hóf starfsemi í september 2021. Aðgengi í Fab Lab var takmarkað en þess gætt að hlúð væri sérstaklega að kjarnastarfseminni; menntun og nýsköpun.

Ástundun og tölfræði:  
Virkar vikur í starfi: 14

- **FVA:** Skráðir nemendur haustönn 2021  
5 einstaklingar (þrisvar sinnum í viku)  
210 heimsóknir á árinu
  
- **Endurhæfingarhúsið Hver og Starfsendurhæfing Vesturlands:**  
37 einstaklingar (einu sinni í viku)  
518 einstaklingar á árinu
  
- **Opnir tímar:**  
tvísvar í viku að meðaltali fjórir einstaklingar  
105 heimsóknir á árinu
  
- **Samstarfsnámskeið**  
**Arttré og Fjöliðjan Akranesi:**  
14 einskaklinga  
84 heimsóknir á árinu
  
- **Annað (Heimsóknir og kynningar):**  
9 heimsóknir og 4 kynningar  
102 einstaklingar og 96 einstaklingar  
198 heimsóknir á árinu

## Heimsóknir



**SAMTALS 1.115**  
heimsóknir á árinu

79.6 heimsóknir að meðaltali á viku  
Dagleg aðsókn: 26.5 meðaltal

Framundan er vinna við að fullklára uppsetningu smiðjunnar, sem og kaup á tækjum og tólum til að auka á möguleika smiðjunnar í kennslu og stafrænni nýsköpun.



**FABLAB**  
SMÍÐJA VESTURLANDS

**FAB LAB, FRÁBÆR VETTVANGUR TIL NÝSKÖPUNAR**



**B** BREIÐ

Breið nýsköpunarsetri  
Bárugötu 8-10, Akranesi